



Bréfasafn 1955

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Utanríkisráðherra – Utanríkismál - Björn Björnsson - Hallgrímur Dalberg - Sigurður Jónasson - Kjaramál íslenskra starfsmanna hjá varnarliðinu – Framkvæmdir - Ríkisfjármál - Keflavíkurflugvöllur - 1955

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-12, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

TELEPHONE
TEMPLE BAR 7379
(2 LINES)

IMPERIAL HOUSE.

15-19, KINGSWAY,

LONDON, W. C. 2.

p. 20. 1. 55

H. meutamalaraðlæren

Bjarni Benediktsson


Reykjavík.

Kari ein.

Mig langar ór vottu þeir sunnud minn a.
vefna frífalls fóður þins. Villtu skila & kveðum
minnum til móður þínar, í sama anda.
Mjer er þá minnistætt hverru við ungling-
ahnir i Reykjavík letum upps til þalba
þins, sem Sjálfstæðismannus. Óklar fannst
hann vera í mynd spers, sem við allir
báru nánari óskar og var ókkar liðartaus
málefni: Sjálfstætt Ísland. Þvatningarörd
hans voru óklar ór lögmáli og við fylgduum
honum ór verki með barndugri lærifning.
Hann varð meir en ókkar leistogi - honum
tökst ór nái vinnaðu óklar.

Fannig eru endur minningarnar í lunga
minnum, um þuman með manum og fóður
þins. - Saga sjálfstæðisvaráttu ókkar Íslendinga
mun geyma náfn hans með vindiing og parkleti.
Fetta eru þau kveðjuord til þalba þins, sem mig
langari ór koma til þins, er jeg frjátt um arlötur hans.

Mit bestu kveðjum, til þins og þínna

þín ein lajan 

Reykjavík, 26. október 1955.

Kæri samherji.

Samkvæmt heiðni minni í símtali í dag sendi ég þér eftirfarandi línum.

Ekki veit ég hvar eða hvenær fyrst skýtur upp hugmynd um sérskóla fyrir matsveina- og framreiðslumenn; mun sanni nær að liðin séu rúmlæga fimmtíðin ár síðan matsveinar og framreiðslumenn tóku að ræða um stofnun sérskóla. Hitt er vissa, að strax á fyrsta starfsári Sambands veitingamanna 1945 var málíð rætt og gerðar um það ályktanir. Má segja, að stofnun skóla þessa hafi verið eitt mesta hagsmunamál bæði í sérfélögum matsveina og framreiðslumanna og seinna samtaka veitingamanna, þegar þau urðu til.

Þá kom skólamálið til umræðu á þingi farmanna og fiskimanna samtaka og voru gerðar ályktanir um það og send áskorun til ríkisstjórnar um stofnun sérskóla, að vísu þó eingöngu um skóla til að veita fræðslu fyrir matsveina á fiskiskipaflotanum.

Á sjöunda fundi N.d. Alþingis 30. okt. 1946 var útbýtt stjórnarfrumvarpi um matsveina og veitingapjónaskóla, en málíð tekið til umræðu daginn eftir og hafði samgöngumálaráðherra, Emil Jónsson, framsögu.

Í upphafi var hugmyndin sú, að skólinn bætti eingöngu úr þörf fiskiskipaflætans fyrir lærða matsveina. Áður en frumvarpið var samið í ráðuneytinu, hafði ráðherra látið safna ýmsum gögnum og leitað upplýsinga m.a. hjá veitingamönnum; að auki höfðu svo ýmsir knúið á dyr ráðherra með ýmsar upplýsingar og breytingartillögur í þá átt að skólinn mætti veita nauðsynlega kennslu fyrir þá, sem í landi starfa í veitinga- og gistiþúsum.

Þegar frumvarp ráðherra kom fyrir augu þingsins var orðin sú breyting á frá því, sem upphaflega var ætlað, að skólinn skyldi veita fræðslu öllum matsveinum bæði á sjó og í landi, en að auki skyldu framreiðslumenn fá par nauðsynlega menntun og þjálfun. Þá skyldi og vera rekið í skólanum mótneyti fyrir nemendur stýrimanna og vélstjóráskólanna.

Hófust nú nokkrar deilur um málið. Lagðist t.d. Gísli Jónsson, framsögumaður sjávarútvegsnefndar M.d. fast á móti því, að skólinn yrði sérskóli allra matsveina og framreiðslumanna, en vildi binda skólann eingöngu við hugmyndina um að mennta matsveina fiskiskipaflotans, en láta aðra matsveina og framreiðslumenn ganga í iðnскóla, svo sem ætlast er til í lögum um iðnnám.

Deildir Alþingis urðu ekki sammála og fór málið á milli deilda, en frumvarpið var að lokum samþykkt í sameinuðu Alþingi 23. maí 1947 og staðfest sem lög nr. 82/1947.

En þrátt fyrir lögin og skipun skólanefndar, sem þó var ekki framkvæmd fyrr en 1949, vorði läng bið á framkvæmdum. Þó voru haldin námskeið fyrir matsveina fiskiskipaflotans árin 1951, 1952, 1953 og 1954; jafnframt var haldið ophu mótneyti fyrir nemendur stýrimanna- og vélskóla; voru forstöðumenn námskeiða þessara Tryggvi Þorfinnsson og Sigurður B. Gröndal. Á þessum námskeiðum hafa ca. 60 menn notið kennslu til starfa á fiskiskipaflotanum.

Hér er stiklað á stóru; næst kemur svo þáttur pinn um að gera drauminn að veruleika, með skipun hins ágætasta manns til að veita skólanum forstöðu og leggja honum til fé. Um kennslufyrirkomulag vísast til reglugerðar, sem Ásgeir Pétursson hefur undir höndum. Þegar skólinn nú tekur til starfa verða nemendur í framreiðsluiðn og matargerð sirkva 20 talsins, en að auki hafa svo 8 menn óskað eftir kennslu, sem miðast við þarfir fiskiskipaflotans. Það má gera ráð fyrir að skóli þessi verði nokkuð mikið sóttur í framtíðinni, þar sem

nokkur áhugi er ríkjandi meðal ungra manna um að læra þær iöngreinar, sem skólanum er ætlað að kenna, enda störfin vel launuð að námi loknu, og mikil vöntun á vel hæfum og dugandi mönnum, í þessum stéttir, en sifellt aukin eftirspurn eftir þjálfuðu starfsliði, því meir sem hugsað verður (og égið á heimsins hátt í okkar ástæðera landi).

Ekki veit ég hvort hér eru tæmandi upplýsingar, en svo langt sem þær ná eru þær réttar. Ef þú óskar frekari skýringa munu þær að sjálfsögðu látnar í té með ánægju.

Jónas Þorsteinsson.
Pinn einlægar.

P.s. Má ég svo minna á skólastninguna 1. nóv. kl. 2 e.h.

Samkvæmt beiðni varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins, skulu eftirgreindar upplýsingar látnar í té um kaup- og kjaramál íslenzkra starfsmanna hjá varnarliðinu og örum amerískum vinnuveitendum á Keflavíkurflugvelli. — Framkvæmdir á vegum varnarliðsins, sem segja má að krefðust nokkurs verulegs vinnuafls, hófust á fyrrihluta árs 1952.

Fram til þess tíma, og allt fram til 10. október 1952, hafði flugvallarstjóri ríkisins, eða fulltrúi hans á Keflavíkurflugvelli, það hlutverk ái hendi að segja til um hvert skyldi vera kaupgjald þess íslenzka fólks, sem réðist til hinna erlendu vinnuveitenda á Keflavíkurflugvelli.

Samkomulag varð um það hinn 9. október 1952, milli félagsmálaráðuneytisins og varnarmálanefndar, að félagsmálaráðuneytið skyldi frá 10. október 1952 að telja í samræði við Alþýðusamband Íslands og Vinnuveitendasamband Íslands, endurskoða þær reglur um kaup og kjör, sem þá var farið eftir á Keflavíkurflugvelli og færa þær til samræmis við kaup og kjör við sambærileg störf í Reykjavík.

Framkvæð þessa verkefnis var falin sérstakri priggja manna nefnd, kaupskrárnefnd, en í henni hafa starfað frá upphafi fulltrúi frá félagsmálaráðuneytinu, og framkvæmdarstjórar A.S.I. og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Starfsgrundvöllur nefndarinnar hefur alla tíð verið sá, að miða kaup- og kjaraákvæði í kaupskrám þeim, sem á hverjum tíma hafa gilt á Keflavíkurflugvelli, við gildandi Samninga viðkomandi stéttarfélaga og atvinnurekenda í Reykjavík, svo og ákvæði launalaga og viðurkenndar starfs- og kjarareglur. Þær sem það hefur og frá því að kaupskrárnefnd fyrst tók til starfa, verið skilyrði fyrir gildi ákværðana nefndarinnar um launakjör íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli, sem skránni er ætlað að taka til, að fulltrúar A.S.I. og Vinnuveitendasamb. Íslands væru sammála um kaup- og kjaraákvörðunin má segja að þær með hafi verið tryggt að ákvæði kaupskrárinnar yrðu alltaf í samræmi við það sem þaði samböndin tældu á hverjum tíma vera hið rétta kaup og hin réttu kjör við sambærileg störf í Reykjavík, enda hefur samkomulag náðst í þessu efni milli fulltrúa sambandanna í öllum tilfellum nema þó, p.e. ákvörðun á kaupi framreiðslustílkna og upphæð álags vegna vaktaskipta. Þessi ágreiningur kom fyrst fram í kaupskrá þeirri, er kaupskrárnefnd sendi

frá sér í nóvember 1952, en þá tók varnarmálaneftnd sú, sem þá starfaði, sig til og "úrskurðaði" þenna ágreining þannig, að annarsvegar skyldi tillaga A.S.I um kaup framreiðslustílkna gilda en hinsvegar tillaga Vinnuveitendasamb. Ísl., gilda um ákvörðun álags vegna vaktaskipta. Þessar ákværðanir varnarmálaneftndar hafa síðan gilt sem hluti af kaupskrá Keflavíkurflugvallar. Engu að síður verður varla sagt, að kaup framreiðslustílkna á Keflavíkurflugvelli hafi verið sem neinu nemur hærra en kaup annara sambærilegra starfssystra þeirra s.s. starfsstílkna við vega- og brúargerð og við Sogsvirkjunina. Um vaktaskiptaálagið er hinsvegar það að segja, að það er, miðað við nýjustu kaup- og kjarasamninga stéttarfélaga og atvinnurekenda of lágt ákveðið í "úrskurði" varnarmálaneftndar og í nokkrum tilfellum allt of lágt, enda hefur heyrst, að Vinnuveitendasamb. Íslands hafi, í samningaumleitunum við Verkalfösfélögini á Suðurnesjum o.fl. stéttarfélög, sem staðið hafa yfir undanfarið, léð mál s á að hækka vakaálag fyrir tvískiptar vaktir úr 10% upp í allt að 15% og fyrir þrískiptar vaktir úr 15% upp í allt að 25%. Af því má glöggjt sjá, að hér er síður en svo um hærra vaktaskiptaálag að ræða en gildir almennt við sambærileg störf í Reykjavík og víðar.

Loks má geta þess, að ef um starfsgreinar er að ræða á Keflavíkurflugvelli, sem ekki falla undir samninga stéttarfélaga og vinnuveitenda hér á landi, eins og t.d. læknisstörf, lögfræðistörf, verkfræðistörf o.fl. störf, hafa viðkomandi starfsmenn óátalið af kaupskrárnefnd, fengið að semja sjálfir við vinnuveitendur sína um kaup, kjör og starfstíkhögum o.fl., þ.e. gert svefnenda sérsamninga um ráðningarkjör sín, enda má telja þá tilhögum í samræmi við venju hér á landi, um ráðningar sem sambærilegar má telja. Til hliðsjónar hefur t.d. dag- og tímakaup verkfræðinga skv. lágmarksgjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands alltaf jafnframt verið upp gefið í kaupskrám kaupskrárneftndar.

Undirritaður veit ekki annað en ákvæðum kaupskrárinnar um kaup og kjör íslensks starfsfólks hafi verið fylgt í öllum aðalatriðum, að því helst undanskildu, að nokkrum starfshópum í þvottahúsi hersins hefur síðustu árin verið greitt eitthvað hærra kaup en hið tilgreinda lágmarkskaup en ástaðan mun hér sé ein, að ef þetta kaup væri ekki greitt fengist ekki íslenskt fólk til þessarar nauðsynlegu þjónustustarfa. Einnig hefur bifreiðastjórum er aka þyngstu vörubifreiðum og grjótflutningavögnum í verið greitt kaup samkv. bráðabirgðasamkomulagi kaupskrárneftndar í mars 1953, ~~Hinsvegar má t.d. benda á, að starfsfólk~~ þessum á gildandi kaupskrá. Hinsvegar má t.d. benda á, að starfsfólk

Varnarliðsins hefur til skamms tíma fæst fengið frítt húsnæði, sem t.d. allt aðkomustarfsfólk amerískra og íslenzkra verktaka mun hafa fengið, og því orðið að leigja rándýr herbergi í Keflavík og Njarðvíkum, og, að íslenzkir iðnaðarmenn, aðrir en trésmiðir, sem vinna í þjónustu varnarliðsins og amerízkra verktaka, fá ekki frítt fæði, enda þótt iðnsveinat í þjónustu íslenzkra verktaka verði þeirra hlunninda aðnjótandi.

Reykjavík, 16, júní 1955.

Hallgrímer Þalberg

F R Á S Ó G N

um kaup í varnarliðsvinnu.

Sameinaðir verktakar upplýsa að þeir fari um kaupgreiðslur í einu og öllu eftir gildandi samningum vinnuveitendafélags Íslands og eftir uppmælingatöxtum iðnaðarmanna, þó hefur það komið fyrir að sérstaklega nauðsynlegum verkamönnum hefur verið greitt kaup eftir hærri gæðaflokki (t.d. sementsvinnutaxti í stað almenns verkamannataxta) en það telja S.V. að séu algerlega undantekingar.

Íslenzkir aðalverktakar starfsetja aðeins skrifstofumenn, birgðagæzlumenn og verkfræðinga. Aðra menn fá þeir að láni ("on purchase order" frá S.V.). Kaup þessara manna fer eftir gildandi samningum um síka starfsmenn. Það sem I.T.V. telur að hafi aðallega dregið menn að vinnu á Keflavíkurflugvelli er föst 2ja tíma yfirvinna en nú segir f.A.V. að hún sé orðin venja í Reykjavík. Verzlunarmenn fá 2ja stunda yfirvinnu eins og verkamenn (þeir vinna frá kl. 8 - 6 í stað kl. 9 - 5). Þá segir f.A.V. að það sé nokkurt vandamál fyrir þá að þeir menn sem komi til þeirra frá Hamilton-félaginu hafa haft þar 60-100 % hærra kaup en þeir fái hjá f.A.V.

Byggir h.f. segjast greiða kaup nákvæmlega eftir gildandi samningum og töxtum. Þó hafi þeir orðið að greiða í einstökum undantekningartilfellum þeim vandabundnum verkamönnum hærra kaup í því formi að þeir hafa fengið frítt fæði.

Reykjavík 14. júní 1955

Sigurður Jónasson

UTANRÍKISRÁÐUNEYTÍÐ

VARNARMÁLADEJLÐ

Reykjavík, 15. júní 1955

Db.
(óskast tilgreint í svári)

Sundurliðun á fjölda íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli, Aðalvík, Langanesi og Hornafirði 15. júní 1955, miðað við lögheimili.

Reykjavík.....	samtals	909
Akranes.....	"	20
Ísafjörður.....	"	7
Sauðárkrúkur.....	"	9
Siglufjörður.....	"	46
Ólafsfjörður.....	"	4
Akureyri.....	"	46
Húsavík.....	"	10
, Seyðisfjörður.....	"	8
Neskaupstaður.....	"	8
Vestmannaeyjar.....	"	17
Keflavík.....	"	275
Kópavogur.....	"	21
Hafnarfjörður.....	"	96
Samtals í kaupstöðum		1.476
Kjósarsýsla	samtals	13
Borgarfjarðarsýsla.....	"	11
Mýrasýsla.....	"	15
Snæfells- og Hnappadalssýsla.....	"	12
Dalasýsla.....	"	12

II

Barðastrandasýsla.....	1
Ísafjarðarsýsla.....	17
Strandasýsla.....	6
Húnavatnssýslar.....	21
Skagafjarðarsýsla.....	28
Eyjafjarðarsýsla.....	14
Pingeyjarsýslar.....	131
Múlasýslur.....	40
Skaftafellssýslur.....	6
Rangárvallasýsla.....	12
Árnessýsla.....	53
Gullbringusýsla með Keflavíkurflugvelli.....	<u>271</u>
Samtals utan kaupstaða	663
Samtals á öllu landinu	2.139

Reykjavík, 15. júní 1955

Hannes Gestmann

UTANRÍKISRÁDUNEYTÍÐ

VARNARMÁLADEILD

Reykjavík, 15. júní 1955

Db.

(óskast tilgreint í svæti)

Fjöldi íslenzkra starfsmanna á Keflavíkurflugvelli
og á varnarsvæðunum í Hornafirði, Langanesi og Aðalvík við
varnarliðsframkvæmdir:

Samanburðaryfirlit 15. júní 1955, í svigum sömu tölur
frá 15. júní 1954.

Varnarliðið (Iceland Defense Force) alls: 511 (514)

Iðnaðarmenn 97

verkamenn 323

skrifstofumenn 91

samtals 511 (363 karlar 148 konur)

Metcalfe, Hamilton, Smith, Beck Cos.

Verkamenn (manual service)	207 (821)
----------------------------	-----------

Skrifstofufólk (non manual)	121 (165)
-----------------------------	-----------

Starfsfólk í eldhúsi (culinary)	75 (127)
---------------------------------	----------

Karlar: 343 Konur: 60	alls: 403 (1.113)
-----------------------	-------------------

Íslenzkir aðalverktakar (Iceland Prime Contractors)

Keflavíkurflugvöllur:

skrifstofumenn	30
----------------	----

eftirlitsmenn	4
---------------	---

birgðarverðir	6
---------------	---

eldhús	6
--------	---

samtals	46
---------	----

Reykjavík:	1
------------	---

New York	1
----------	---

samtals	48 (35 karlar 13 konur)
---------	-------------------------

Sameinaðir verktakar (Associated Icelandic Contractors)

Keflavíkurflugvöllur:

verkamenn	409
iðnaðarmenn	225
bifreiðastj. og	
vélamenn	94
mötuneyti	
vaktmenn	
og húsverðir	55
skrifstofufólk,	
verkfraðingar	
og verkstjórar	<u>57</u>
	840

Reykjavík:

skrifstofumenn	15
Hornafjörður	45
Langanes	102
Aðalvík	<u>44</u>

1.046 (602) Konur: 42 Karlar: 1.004

Reginnn h.f.Hornafjörður: LLanganes: 34

samtals 35 (karlar)

Wyatt C. Hedrick, Architect Engineers. alls: 31 (28) KarlarIceland Central Exchange: alls: 58 (60) (konur 31 karlar
27)Byggir h.f. & Associates alls : 7 (0).Alls vinna því á vegum ofangreindra aðila samtals 2.139 íslendingar
þar af 294 konur, hinn 15. júní 1955, en á sama tíma í fyrra: 2.317.

Fækkað hefir því um 178.

Samkvæmt talningu á spjaldskrá útlendingaeftirlitsins í Reykjavík, 15. júní 1955
 voru alls 1051 bandarískir ríkisborgarar starfandi á Keflavíkurflugvelli.

Reykjavík, 15. júní 1955.

Hannes Guðnason

THE PRACTICAL BUSINESS OF
MANUFACTURING

(önskast tilgreint i svar)

Sameinađir verktakar 319

samtals 422 422

Verkanen:

Varnarliðið 323

Ådalverktakar

M.H.S.B. Cos. 282

Sameinaðir verktakar 657

Iceland Cen

7

samtals 1.334 1.334

Skrifstofumenn:

Varnarlijst 03

Aðalverktakar 33

M·H·S·B: Cos

Sameinaðir verktaðar 7

Iceland Central Exchange 28

Wyatt C. Hedrick 21

samtals 383

383

samtals 2.139

Reykjavík , 15. júní 1955

Hannes Gedenktag

1955-56?

Undanfarin ár hefur verið leitast við að hafa sem allra nánast samstarf milli lýðræðisflokkanna þriggja - eða þeirra, sem sammála hafa verið um sameiginlega utanríkisstefnu - um utanríkismál og sérstaklega varnarmálín. Þetta hefur m.a. komið fram í því, að engum slíkum málum, sem nokkra þýðingu geta haft, hefur verið ráðið til lykta eða af hálfu utanríkisráðherra rætt um þau á almennum vettvangi, nema í fullu samráði við ríkisstjórnina í heild og þar til skipaða fulltrúa flokkanna.

Án tilverknaðar utanríkisráðherra, en af auðskildum ástæðum varð þetta samstarf nokkru erfiðara en ella á næstu vikunum fyrir kosningarnar nú í sumar. Í þessum málum skapast hins vegar stöðugt ný viðhorf, sem taka þarf tillit til. Sem dæmi um það má nefna hina nýju stefnu, er tekin var á Atlantshafsráðsfundinum í vor að draga úr hraða varnarframkvæmdanna. Ennfremur nauðsynina á að haga verkamannaframbóði til Keflavíkur í samræmi við þarfir atvinnulífsins hverju sinni og margt fleira.

M.a. af þessum ástæðum vakti Sjálfstæðisflokkurinn athygli á því strax að afloknum kosningum í sumar að brýn nauðsyn væri á

Íns og alþjóðumálastofna um þessu sálf. að hraða myndun nýrrar ríkisstjórnar, því að á meðan stjórnarmyndun stóð fékst mjög treglega samstarf um lausn aökallandi vandamála, þ.á. m. varnarmála.

Við stjórnarmyndunina var beinlínis um það samið milli stjórnarflokkanna, að öll meiriháttar utanríkis- og varnarmál yrðu rædd í ríkisstjórninni áður en þeim væri ráðið til lykta. Svo var og ákveðið, að skipuð skyldi ný varnarmálanefnd með fulltrúum lýðræðisflokkanna þriggja, að vísu með nokkuð breyttum verkefnum frá því, sem verið hafði.

Þrátt fyrir þetta liðu sex vikur svo, að utanríkisráðherra hafði ekkert samráð við ríkisstjórnina í heild um varnarmálin né gaf ráðherrum Sjálfstæðisfloksins kost á að fylgjast með neinu, sem í þeim gerðist.

Að þessum tíma liðnum afhenti ráðherran á ríkisstjórnarfundi nokkrar tillögur um varnarmálin. Tillögunum var í meginatriðum tekið vel af Sjálfstæðismönnum, sem þegar í stað sýndu vilja sinn til að ræða þær efnilega, en bentu á, að óvist væri, hvort búið væri að athuga öll atriði þeirra til hlítar. Jafnframt var á það drepið, að varnarmálanefnd hefði ekki starfað langa hrifð og Sjálfstæðismenn ekki átt kost að fylgjast með framkvæmd þessara mála. Hins vegar væri uppi brálátur orðrómur um samningaviðreður Framsóknarflokks-

ins og Alþyðuflokksins um þessi mál.

I framhaldi af þessum fyrstu umræðum í ríkisstjórninni gerðu Sjálfstæðismenn það að tillögu sinni, að leitað yrði samstarfs þingflokka lýðræðisflokkanna priggja um skipun nýrrar varnarmálanefndar og undirbúning viðræðna við Bandaríkin um nauðsynlegar breytingar á varnarsamningunum og framkvæmd hans.

Að nokkrum dögum liðnum lagði utanríkisráðherra enn fram greinargerð um varnarmálin, að verulegu leyti til skýringar fyrri tillögum en með nokkrum viðbótum. Sjálfstæðismenn spurðust þá fyrir um hvað liði ráðstöfunum til frekara samstarfs og efnilegs undirbúnings málsins.

Utanríkisráðherra vék sér undan svörum. Fjármálaráðherra lýsti því, að utanríkisráðherra hefði verið ætlað að kanna þetta og varð ekki úr frakari svörum.

Þá var og beðið skýringa á sumum hinna nýju striða á greinargerð utanríkisráðherra. Sú greinargerð hefur ekki fengizt.

Hins vegar hefur Tíminn nú birt tillögur þær, sem utanríkisráðherra hafði afhent ríkisstjórninni sem trúnaðarmál. Þær skýringar fylgdu að auðsætt var, að hér var um að ræða fullnaðarákvörðun Framsóknarflokksins. Af öllu þessu er auðsætt, að Framsóknarflokkuráðherrarnir hafa haldið þannig þessu máli, að þeir hafa ekki óskað samstarfs við

Sjálfstæðismenn um það.

Ráðherrar Sjálfstæðismanna telja mjög illa farið, að þessi háttur skuli hafa verið tekinn upp. Við teljum, að miklu ráðlegra hefði verið að halda við hinni fyrri samvinnu lyðræðisflokkanna þriggja um varnarmálin og få tillögu og umsögn þeirra Íslendinga, sem kunnugastir eru meðferð þessara mála um, hverjar breytingar væru æskilegar og framkvæmanlegar, enda lögðum við áherzlu á, að slíks samstarfs væri leitað tafarlaust. Að þessari skoðun hafa byggst tillögur Sjálfstæðisfloksins um meðferð málsins, Framsóknarmenn hafa valið aðra aðferð. Við því verður ekki héðan af gert. Sjálfstæðismenn lýsa sig þó enn sem fyrr reiðubúna til að nefna mann í hina umsöndu varnarmálanefnd og mun auðvitað styðja utanríkisráðherra til allra góðra framkvæmda, en benda enn einu sinni á nauðsyn þess, aðíutanríkismálum sé haft slíkt samráð fyrir fram, að sem mestar líkur skapist fyrir heilladrjúgu samstarfi.